

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zophoníasson frá dómsmálaráðuneyti. Einnig bárust nefndinni gögn frá dómsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild lögmans á Evrópska efnahagssvæðinu til að fara með mál fyrir dómstólum hér á landi verði ekki lengur bundin við að hann þurfi að starfa með héraðslögmanni í þinghöldum. Frumvarpið er til komið vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við að tvær tilskipanir Evrópusambandsins er varða þjónustu evrópskra lögmanna hér á landi séu ekki réttilega innleiddar í íslenskan rétt.

Nefndin kynnti sér afstöðu Lögmannafélags Íslands til málsins, en félagið gerir ekki athugasemdir við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA. Þá bendir nefndin á að með breytingunni er að sjálfsgöðu ekki haggð við þeirri meginreglu réttarfarslaga að íslenska sé þingmálið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykki álit þessu.

Alþingi, 6. mars 2007.

Bjarni Benediktsson,  
form., frsm.

Guðjón Ólafur Jónsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Björgvin G. Sigurðsson.

Birgir Ármannsson.

Ellert B. Schram.

Kjartan Ólafsson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Sigurjón Þórðarson.